



6. september 2022

Tilv.: 2208048

Dreifibréf númer: 29/2022

Til uppgjörsmiðlara á verðbréfamarkaði

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um tilkynningar um innra uppgjör samkvæmt 9. gr. CSDR.

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um tilkynningar um innra uppgjör samkvæmt 9. gr. CSDR (ESMA70-151-367), skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). Reglugerðin er innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Uppgjörsmiðlari er skilgreindur samkvæmt 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. CSDR sem sérhver stofnun, þ.m.t. með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB (CRD) eða tilskipun 2014/65/ESB (MiFID II), sem framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina eða fyrir eigin reikning á annan hátt en í gegnum verðbréfauppgjörskerfi. Uppgjörsmiðlari er því hver sá sem sinnir uppgjöri verðbréfaviðskipta utan verðbréfamiðstöðvar.

Samkvæmt 9. gr. CSDR skulu uppgjörsmiðlarar tilkynna yfirvöldum staðfestustaðar síns ársfjórðungslega um samanlagt umfang og virði allra viðskipta sem þeir gera upp utan verðbréfauppgjörskerfa. Samkvæmt viðmiðunarreglunum er um að ræða öll viðskipti sem ekki orsaka hreyfingar á reikningum verðbréfamiðstöðvar. Þá teljast m.a. eftirfarandi tegundir verðbréfaviðskipta til innra uppgjör:

- kaup eða sala á verðbréfum
- umsjón veðtrygginga
- verðbréfalánveiting eða verðbréfalántökur
- endurhverf viðskipti
- önnur verðbréfaviðskipti s.s. færslur á verðbréfum á milli reikninga hjá mismunandi fjárfestingasjóðum eða færslur á milli tveggja verðbréfareikninga í eigu sama viðskiptavinar (sama kennitala).

Samkvæmt viðmiðunarreglunum skulu eftirfarandi fjármálagerningar falla undir tilkynningar um innra uppgjör:

- a) fjármálagerningar sem eru frumskráðir eða í miðlægri vörsluþjónustu hjá verðbréfamiðstöð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, það er

SEÐLABANKI ÍSLANDS

fjármálagerningar þar sem verðbréfamiðstöð gegnir hlutverki sem verðbréfamiðstöð útgefanda.

- b) fjármálagerningar sem eru skráðir í verðbréfamiðstöð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu sem gegnir hlutverki verðbréfamiðstöðvar fjárfestis viðkomandi fjármálagernings, jafnvel þótt fjármálagerningarnir hafi verið frumskráðir eða í miðlægri vörslu hjá verðbréfamiðstöð sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þá kemur fram í viðmiðunarreglunum að umræddar tilkynningar skulu vera á XML formi samkvæmt IS020022 staðli og er uppbygging þeirra skilgreind í afleiddum reglugerðum framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 2017/391 og 2017/393 undir CSDR reglugerðinni.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglumar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til uppgjörsinnmiðlara að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

Elsa Karen Jónasdóttir  
lögfræðingur  
markaðir og viðskiptahættir

